



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20.02.2009

**Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, 289. mál**


Frumvarpið felur í sér tvíþætta breytingu á 1. mgr. 42. gr. laganna um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Í fyrsta lagi er lagt til að hlutfall endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu manna á byggingarstað við smíði íbúðarhúsnæðis sem og við endurbætur og viðhald þess verði tímabundið hækkað úr 60% í 100%. Í öðru lagi er lögð til orðala gsbreyting sem heimilar endurgreiðslu virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum húseiningum í því skyni að tryggja skattalegt jafnræði milli byggingaraðferða.

Samtök atvinnulífsins fagna framkomu þessa frumvarps og mæla með lögfestingu þess.

Atvinnuástand í byggingariðnaði er sem kunnugt er mjög alvarlegt og stefnir í allt að 25% atvinnuleysi í aprílmánuði. Við slíkar aðstæður er einnig ljóst að hætta á skattsvikum og svartri atvinnustarfsemi mun aukast. Markmið hækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts er að stemma stigu við þessari óheillaþróun. Er þessi breyting í samræmi við tillögur Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins. Jafnframt er hún í anda tillagna starfshóps félagsmálaráðherra um vinnumarkaðsúrræði. Tillögur samtakanna og starfshópsins fólu að vísu í sér víðtækari breytingartillögu, þar sem lagt var til að endurgreiðslan nái einnig til annars húsnæðis í eigu einstaklinga (t.d. sumarhúsa), sveitarfélaga og annarra aðila sem ekki stunda virðisaukaskattskylda starfsemi. Telja Samtök atvinnulífsins að slík víðtækari breyting væri betur til þess fallin að ná tilætluðum árangri.

Endurskoðun á reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna verksmiðjuframleiddra húsa og húseininga er einnig tímabær í ljósi breytinga á byggingarháttum. Meðal annars er orðið algengt að húsbyggjendur kaupi verksmiðjuframleiddar einingar án þess að uppsetning sé innifalin. Endurgreiðsla vegna verksmiðjuframleiddra húsa hefur til þessa miðast við ákveðin byggingarstig, þar sem fokheldi hefur verið lægsta stigið. Fjármálaráðuneytið hefur unnið að endurskoðun á reglugerð um þetta efni, en sú vinna hefur tafist. Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting að endurgreiðsla ákveðins hlutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum nái einnig til húseininga. Með þessari breytingu eru tekin af tvímæli um að jafnræði skuli gildi um skattlagningu óháð byggingaraðferð, þannig að framleiðendur húseininga eigi kost á endurgreiðslu virðisaukaskatts enda þótt sala þeirra feli ekki í sér uppsetningu húss á fokheldisstigi eða hærra byggingarstigi.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Guðlaugur Stefánsson hagfræðingur

**Aðsetur:**  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

**Sími:**  
591 00 00

**Bréfsími:**  
591 00 50

**Neffang:**  
sa@sa.is

**Veffang:**  
www.sa.is